

boenda
FERÐIR

AÐVENTUBLÆR Í BRUSSEL & BRUGGE




30. nóvember – 3. desember 2023
Fararstjórn: Aðalheiður Jónsdóttir

Aðventuferð
Belgía

Ferðalýsing

Í Brussel og Brugge ríkir hátíðleg jólastemning á aðventunni. Í báðum þessara borga er að finna einstaklega huggulega **jólamarkaði** innan um virðulegar, gamlar byggingar og hefur jólamarkaður Brussel verið tilnefndur sá frumlegasti í Evrópu. Belgía er þekkt fyrir **kirkjuklukkur** og kastala, dásemdar **súkkulaði**, franskar, krækling og bjór og því ljóst að hér er margs að njóta. Merkileg menningarsaga Brussel hefur varðveist í glæsilegum byggingum frá endurreisnar- og barokkskeiðinu og hvort sem rölt er um þröngar götur gamla miðbæjarins eða ekið eftir breiðstrætunum má sjá margar fegurstu byggingar Evrópu í **Art Nouveau** stíl. Farið verður í skoðunarferð um **Brussel** en einnig í dagsferð til **Brugge** sem er eins og klippt út úr ævintýri með fjöldann allan af miðaldabyggingum og kanöllum. Í skammdeginu eru þessar fallegu byggingar flóðlýstar sem ásamt skrautlegum ljósum jólamarkaðarins gerir ævintýrablaðinn enn ríkulegri.

4 dagar | 3 nætur í Brussel



30. nóvember | Flug til Brussel

Brottför frá Keflavík kl. 7:40. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lent í Brussel kl. 11:55 að staðartíma. Áður en farið er á hótél förum við í skoðunarferð um borgina. Við hefjum ferðina þar sem höfuðstöðvar Evrópusambandsins eru staðsettar og ferðumst aftur í tímann þegar við ökum fram hjá glæsilegum byggingum í gotneskum, endurreisnar- og barokkstíl sem víða skreyta borgina. Á vegi okkar verður Grand Place torgið sem er að mati sumra eitt fallegasta torg í heimi, Manneken Pis styttnan sem er nefnd tákn borgarinnar og loks hin mikilfenglega ráðhúsbygging. Síðdegis verður gefinn frjáls tími til að skoða sig um á eigin vegum.

1. desember | Frídagur í Brussel

Í dag er frí frá skipulagðri dagskrá. Fararstjórinn mun þó bjóða upp á gönguferð um miðbæinn. Tilvalið er að líta inn til kaupmanna borgarinnar og kíkja á þeirra úrval. Belgar eru þekktir fyrir nostur í matargerð og því gaman að setjast inn á eitt af fjölmörgum kaffi- og veitingahúsum borgarinnar.

2. desember | Dagur í Brugge

Heillandi ferð til perlunnar Brugge sem er með fegurstu borgum landsins. Innan um glæst hús frá miðöldum er að finna jólamarkað og skautasvell. Auk jólaljósanna eru fjöldinn allur af gömlu byggingunum flóðlýstar sem gefur allri



borginni dásamlegan ævintýrablað. Farin verður skoðunarferð um borgina sem heillar alla, en að henni lokinni gefst hverjum og einum tími til að njóta þess að upplifa þessa fögru borg á eigin vegum og bragða á belgískum vöfflum, súkkulaði eða öðru góðgæti á markaðinum.

3. desember | Heimferð

Eftir yndislega ferð verður ekið út á flugvöll í Brussel. Brottför þaðan er kl. 12:50 og landing í Keflavík kl. 15:15 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.



Verð

173.900 kr. á mann í tvíbýli | 58.700 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir milli Brussel flugvallar og hótels.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður.
- ✓ Gönguferð um miðbæ Brussel með fararstjóra.
- ✓ Skoðunarferð til Brugge.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegis- og kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.

Hótelið

Gist verður á NH Collection Hotel Brussel Centre. Þetta nútímalega hótél er vel staðsett í miðbæ Brussel, aðein 550 m frá Grand Place torginu. Herbergin eru björt og stílhrein og öll hafa þau flatskjá, hárpurrku, míníbar og öryggishólf.

